

LÝSING

KFF44

Verðtryggð skuldabréf
útgefin af

KFF Institutional Investor Fund

fagfjárfestasjóður í rekstri
Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.

Desember 2007

1.	ÁHÆTTUÞÆTTIR	3
1.1.	ALMENNT	3
1.2.	SKULDSETNING KFF FUND	3
1.3.	VANSKILAÁHÆTTA	3
1.4.	ÚTLÁNAÁHÆTTA	3
1.5.	ÁBYRGÐ Á GREIÐSLU SKULDABRÉFA SJÓÐSINS	4
1.6.	UPPGREIÐSLUÁHÆTTA	4
1.7.	MARKAÐSÁHÆTTA	5
1.8.	REKSTRARÁHÆTTA	6
2.	YFIRLÝSINGAR	7
2.1.	YFIRLÝSING ÚTGEFANDA	7
2.2.	YFIRLÝSING UMSJÓNARADILA	7
2.3.	YFIRLÝSING ENDURSKOÐANDA	7
3.	TILKYNNING TIL FJÁRFESTA	8
4.	UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFIN	9
4.1.	ALMENNT	9
4.2.	UPPLÝSINGAR UM LÖGGJÓFINA SEM VERÐBRÉFIN ERU GEFIN ÚT Í SAMRÆMI VIÐ	9
4.3.	TAKA SKULDABRÉFANNA TIL VIÐSKIPTA	10
4.4.	SKILMÁLAR SKULDABRÉFANNA	10
5.	UPPLÝSINGAR UM KFF INSTITUTIONAL INVESTOR FUND	15
5.1.	ÚTGEFANDI	15
5.2.	FJÁRFESTINGARSTEFNA OG HELSTU EIGNIR ÚTGEFANDA	16
5.3.	FJÁRHAGSSTAÐA OG REKSTRARAFKOMA	17
5.4.	MAT Á EIGNUM SJÓÐSINS	18
5.5.	ÞJÓNUSTUSAMNINGUR	18
5.6.	FJÁRMÖGNUN OG VIÐSKIPTI	18
5.7.	ENDURSKOÐANDI	19
5.8.	VIÐSKIPTABANKI KFF FUND	19
5.9.	REKSTRARFÉLAGIÐ	19
5.10.	DÓMSMÁL OG GERÐARDÓMSMÁL	22
5.11.	MIKILVÆGAR BREYTINGAR Á FJÁRHAGS- EÐA VIÐSKIPTASTÖÐU SJÓÐSINS	23
5.12.	VÖRSLUFYRIRTEKI	23
5.13.	UPPLÝSINGASKYLDA	23
5.14.	SAMBÝKKI SKULDABRÉFAÚTGÁFU	23
5.15.	STOFNUN KFF FUND	24
5.16.	ÓVENJULEG VIÐSKIPTI OG LÁNAFYRIRGREIÐSLA	24
5.17.	PENINGAÞVÆTTI	24
6.	FYLGISKJÖL	25
6.1.	STOFNEFNAHAGSREIKNINGUR 9. JANÚAR 2007	25
6.2.	ÁRSHLUTAREIKNINGUR FYRIR FYRRI HELMING ÁRSINS 2007	30
6.3.	ÁRSHLUTAREIKNINGUR FYRIR FYRSTU 9 MÁNUÐI ÁRSINS 2007	41
6.4.	ÍSLENSK ÞÝÐING REGLNA KFF INSTITUTIONAL INVESTOR FUND	52

1. Áhættuþættir

1.1. Almenn

Fjárfesting í skuldabréfum útgefnum af KFF Institutional Investor Fund, kt. 460606-2330, (hér eftir nefndur „KFF Fund“, „KFF IIF“ eða „sjóðurinn“) felur í sér áhættu. Gengi skuldabréfanna getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfestar skulu hafa í huga að þeir geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfum útgefnum af KFF Fund, eða eftir atvikum hluta hennar. Í þessum kafla, þ.e. kafla 1 (Áhættuþættir) er fjallað um þá áhættuþætti sem skipta máli fyrir skuldabréf útgefin af KFF Fund og eru fjárfestar hvattir til að kynna sé hann vel.

Sjóðurinn hentar reynslumeiri fjárfestum sem óska eftir að ná fyrirfram skilgreindum markmiðum fjárfestinga með þátttöku í skuldsettum fjárfestingum. Fjárfestar verða að búa yfir reynslu af vörum sem sveiflast í verði. Fjárfestar verða að geta þolað talsvert tímabundið tap, þar af leiðandi er sjóðurinn hentugur fjárfestum sem hafa ráð á að fjárfesta í a.m.k. 20 ár. Að því gefnu að fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu sem er talsvert fyrir ofan meðallag, er fjárfestum ráðlagt að fjárfesta einungis hluta af þeim fjármunum, sem ætlaðir eru langtíma-fjárfestingum, í sjóðnum.

Takmarkanir á fjárfestingarheimildum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem fram koma í lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði gilda ekki um fagfjárfestastjóði. Áhætta fylgir fjárfestingu í skuldabréfum KFF Fund.

Greiðsluþrotsáhætta sjóðsins er háð greiðsluflæði af fjármálagerningum sem KFF Fund fjárfestir í. Ávöxtun í fortíð er ekki endilega vísbending um hver ávöxtun verður í framtíðinni og sjóðir eru í eðli sínu með mismunandi grunnáhættu.

1.2. Skuldsetning KFF Fund

KFF Fund hefur fjárfest í fjármálagerningum sem er lýst í kafla 5.2. Verðmæti eigna sjóðsins metið í samræmi við reglur sjóðsins, sbr. grein 10 í reglum sjóðsins, þann 12. desember 2007 var 3.636.337.337 kr. og eiginfjárhlutfall miðað við uppreiknaða stöðu á skuldabréfum útgefnum af sjóðnum og öðrum skuldbindingum, sem var 3.635.337.337 kr., var því um 0,0028%.

1.3. Vanskilaáhætta

Í umfjöllun um skuldabréf í eigu og/eða útgefin af KFF Fund er átt við að lán sé í *vanskilum* þegar skuldari stendur ekki við þá skilmála sem fram koma í umræddu skuldabréfi. Skuldari er því í vanskilum ef hann stendur ekki við greiðslu gjaldfallinna afborgunar vaxta, verðbóta, afborgunar höfuðstóls eða annan kostnað við innheimtu afborgana af viðkomandi skuldabréfi. Vanskil á skuldabréfum, afleiðum eða öðrum fjármálagerningum í eigu KFF Fund getur leitt til þess að sjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar að fullu. Jafnframt geta vanskil haft talsverð neikvæð áhrif á rekstrarafkomu sjóðsins.

1.4. Útlánaáhætta

Eiginfjárhlutfall KFF Fund þann 12. desember 2007 er mjög lágt eða 0,0028% m.v. uppreiknaða stöðu á útgefnum skuldabréfum og öðrum skuldbindingum. Áhætta er nokkur vegna hugsanlegra afskrifta á eignum sjóðsins. Fjárfestar eru því hvattir til þess að kynna sér vel kafla 5.2. um fjárfestingarstefnu og helstu eignir sjóðsins og

leggja sjálfstætt mat á þá áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af KFF Fund.

Einu mótaðilar sjóðsins, fyrir utan Arion verðbréfavörslu hf. sem varslar eignir sjóðsins, eru Kaupþing banki hf. og Íbúðalánasjóður. Eignir sjóðsins, þar sem þessir aðilar eru mótaðilar, er ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna sem KFF Fund gefur út. Endurgreiðsla skuldabréfa sem KFF Fund gefur út er því háð því að Kaupþing banki hf. og Íbúðalánasjóður standi við sínar skuldbindingar við sjóðinn.

1.5. Ábyrgð á greiðslu skuldabréfa sjóðsins

Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum KFF Fund takmarkast við þær eignir sem sjóðurinn á hverju sinni. Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki eða viðskiptabanki sjóðsins bera á engan hátt ábyrgð á greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Kröfuhafar skuldabréfa eða hlutdeildarskírteina KFF Fund geta eingöngu beint kröfum sínum gegn KFF Fund og eignum sem tilheyra honum. Í bókhaldi og ársreikningum rekstrarfélagsins er eignum KFF Fund haldið aðskildum frá öðrum eignum félagsins og sjóðum á vegum þess, sbr. grein 6 í reglum sjóðsins. Fjárhagsleg staða rekstrarfélags sjóðsins, viðskiptabanka eða vörslufyrirtækis hefur ekki áhrif á hvort að KFF Fund geti staðið við skuldbindingar sínar.

Í greinum 4.2.-4.4. í reglum sjóðsins, en þýðingu þeirra er að finna í kafla 6.4, eru eftirfarandi ákvæði um ábyrgð sjóðsins á skuldbindingum sínum:

„4.2 Greiðsluskyldur sjóðsins skulu einungis inntar af hendi með eignum sjóðsins á hverjum tíma. Rekstrarfélagið ábyrgist ekki greiðslu fjárskuldbindinga sjóðsins og getur ekki og mun ekki við nokkrar kringumstæður vera ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins, hvorki að hluta né í heild.

4.3 Lánadrottinnar sjóðsins geta aðeins krafist efnda af sjóðnum og með eignum sjóðsins á hverjum tíma í samræmi við þær takmarkanir sem kveðið er á um í þessum reglum. Sjóðurinn er aðeins ábyrgur fyrir eigin skuldum en ekki skuldum rekstrarfélagsins.

4.4 Eignir og skuldbindingar sjóðsins skulu á hverjum tíma aðgreindar í reikningum rekstrarfélagsins frá eignum og skuldbindingum rekstrarfélagsins og annarra sjóða rekstrarfélagsins.“

1.6. Uppgreiðsluáhætta

Þann 12. desember 2007 voru óuppgreiðanlegar eignir 100% af eignum sjóðsins. Á sama tíma voru óuppgreiðanleg skuldabréf sem sjóðurinn hefur gefið út samtals 100% af útgefnum skuldaviðurkenningum.

Samkvæmt b-lið 5. gr. skuldabréfa í flokka KFF44 getur útgefandi, eftir 20. júní 2024, greitt upp skuldabréf í flokknum með því að afhenda til eigenda skuldabréfanna skuldabréf í flokknum HFF150644 (ISIN XS0195066658) útgefin af Íbúðarlánasjóði. Fyrir hverja 1 kr. að nafnverði í skuldabréfaflokknum KFF44 skal útefandi afhenda 1 kr. að nafnverði í skuldabréfaflokknum HFF150644.

1.7. Markaðsáhætta

Vænt ávöxtun af skuldabréfunum ræðst af þróun og áhrifa sem hugsanlegar breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða annarra hagtalna sem geta haft áhrif á væntingar fjárfesta.

Markaðsáhætta: Fjárfesting í skuldabréfum KFF Fund getur falið í sér vaxtaáhættu, því ef vextir hækka á þeim mörkuðum sem sjóðurinn hefur fjárfest í, getur markaðsvirði eigna sjóðsins lækkað. Skuldaraáhætta er hins vegar í minna lagi því útgefandi skuldabréfa, sem sjóðurinn hefur fjárfest í, er með ábyrgð ríkissjóðs Íslands. Ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar þá getur það leitt til lækkunar á mati fjárfesta á verðmæti skuldabréfa útgefnum af KFF Fund og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar þá getur það valdið því að fjárfesta hækka mat sitt á verðmæti skuldabréfa KFF Fund. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á skuldabréfum útgefnum af KFF Fund er breytingar á framboði og eftirspurn á þeim.

Seljanleikaáhætta eða lausafjáraáhætta: Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja skuldabréfin þegar fjárfestar vilja selja. Áhættan felst í framboði og eftirspurn á markaðinum, þ.e. að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn skuldabréfa né á á því verði sem til stendur að selja á t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.

Greiðsluáhætta: Sú áhætta er til staðar að útgefandi verðbréfa í eigu KFF Fund greiði ekki skuldbindingar sínar á gjalddaga en það getur haft mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjóðinn þar sem hann mun þá að sama skapi ekki geta greitt afborganir af þeim skuldabréfum sem hann hefur gefið út.

Uppgjörsáhætta: Sú áhætta er til staðar að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

Vörsluáhætta: Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vænrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.

Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla útgefanda verðbréfa: Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógagnsæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur eru margir og dreifðir. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda verðbréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hafa víðtækari áhrif en annars myndi verða.

Ytri aðstæður: Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt lögjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á verðmat fjárfesta á skuldabréfum KFF Fund.

Verðbólguáhætta: KFF Fund fjárfestir að meginstefnu til í verðtryggðum skuldabréfum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjöðnun til lengri tíma sé óveruleg.

1.8. Rekstraráhætta

Þar sem enginn eiginlegur rekstur á sér stað í sjóðnum felst rekstraráhætta sjóðsins fyrst og fremst í því að fjárfest sé í samræmi við greiðsluflæði útgefinna skuldabréfa. Séu fjárfestingar ekki með þeim hætti getur það komið niður á greiðslugetu sjóðsins til að mæta skuldbindingum sínum.

2. Yfirlýsingar

2.1. Yfirlýsing útgefanda

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sem fer með æðsta vald í málefnum útgefanda, KFF Institutional Investor Fund, samkvæmt því sem lög og reglur sjóðsins ákveða, lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund stjórnarinnar séu upplýsingarnar, sem þessi lýsing hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 21. desember 2007

Pórarinn Sveinsson, stjórnarformaður
kt. 260667-5059, Sólbaut 10, Seltjarnarnesi

Birgir Örn Arnarson, meðstjórnandi
kt. 010371-5549, Grófarsmára 21, Kópavogi

Sigurður Guðmundsson, meðstjórnandi
kt. 050977-3749, Sundlaugavegi 37, Reykjavík

2.2. Yfirlýsing umsjónaraðila

Lögfræðisvið Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, f.h. Kaupþings banka hf., lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund þess séu upplýsingarnar, sem þessi lýsing hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 21. desember 2007

Helgi Sigurðsson hrl.
framkvæmdastjóri lögfræðisviðs
Kaupþings banka hf.

2.3. Yfirlýsing endurskoðanda

Undirritaður, Reynir Stefán Gylfason, kt. 200973-4109, endurskoðandi KFF Institutional Investor Fund, f.h. KPMG hf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað og áritað án fyrirvara stofnefnahagsreikning sjóðsins, kannað og áritað án fyrirvara árshlutareiknings fyrir fyrri helming ársins 2007 og endurskoðað og áritað án fyrirvara árshlutareikning fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2007. Undirritaður staðfestir jafnframt að aðrar upplýsingar í lýsingu þessari, sem varða reikningsskil sjóðsins, eru í samræmi við ofangreind reikningsskil. Undirritaður er meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðanda.

Reykjavík, 21. desember 2007

Reynir Stefán Gylfason
Löggiltur endurskoðandi

3. *Tilkynning til fjárfesta*

Lýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum vegna töku skuldabréfa skuldabréfaflokksins KFF44 til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. og koma skulu fram í lýsingum skv. I., XIII. og XV. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Tilgangurinn er m.a. að koma á framfæri þeim upplýsingum sem áskildar eru skv. reglum fyrir útgefendur verðbréfa í OMX Nordic Exchange Iceland hf. og fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í skuldabréfum sem eru skráð á grundvelli lýsingar þessar og útgefin af KFF Fund, kt. 460606-2330. KFF Fund er fagfjárfestastjóður sem rekinn er af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf.

Öll skuldabréf sjóðsins sem skráð eru skv. lýsingu þessari hafa verið seld og hefur Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. samið lýsingu þessa í samráði við lögfræðisvið Kaupþings banka hf. Um er að ræða skuldabréf í skuldabréfaflokki KFF44 að fjárhæð 2.300.000.000 kr. að nafnvirði. KFF Institutional Investor Fund gaf einnig skuldabréf í tveimur öðrum flokkum; KFF24, að nafnvirði 2.100.000.000 kr., og KFF44 B, að nafnvirði 65.203.598 kr. Ekki verður um frekari útgáfu skuldabréfa að ræða af hálfu útgefanda KFF Fund að svo stöddu en skuldabréfaflokkarnir, þ.á m. KFF44, eru opnir og því kann að koma til frekari útgáfu skuldabréfa síðar.

Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér vel kafla 1 (Áhættuþættir) í heild sinni, og þá sérstaklega kafla 1.5, sem fjallar m.a. um áhættu og ábyrgð á greiðslu skuldabréfa sem gefin eru út og tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. samkvæmt lýsingu þessari.

Meðan lýsing þessi er í gildi er hægt eftir atvikum að nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, og á heimasíðu sjóðsins (www.kaupthing.is/?PageID=4205):

- a. Lýsingu þessa
- b. Reglur sjóðsins
- c. Stofnefnahagsreikning sjóðsins
- d. Árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrri helming ársins 2007
- e. Árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2007

4. Upplýsingar um skuldabréfin

4.1. Almenn

4.1.1. Útgefandi

Útgefandi skuldabréfanna er KFF Institutional Investor Fund, kt. 460606-2330, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Sjóðurinn er sjóður um sameiginlega fjárfestingu, nánar tiltekið fagfjárfestasjóður skv. 4. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444 6000 og bréfsími 444 7479.

4.1.2. Samþykki skuldabréfaútgáfu

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. samþykkti þann 9. janúar 2007 að framkvæmdastjóri félagsins og sjóðsstjóri KFF Fund fengju heimild til að annast útgáfu skuldabréfa fyrir hönd KFF Fund, m.a. þeirra skuldabréfa sem tekin eru til viðskipta samkvæmt lýsingu þessari:

- KFF44 að nafnverði 2.300.000.000 kr.

Skuldabréfaflokkurinn er opinn og hefur endanleg stærð hans ekki verið ákveðin.

4.1.3. Starfsemi

KFF Fund starfar í einni deild og mun sjóðurinn fjármagna fjárfestingar sínar með útgáfu hlutdeildarskírteina og annarra skuldaskjala og gerð lánasamninga, sbr. grein 4.1 í reglum sjóðsins. Samkvæmt grein 2.1 í reglum sjóðsins er markmið hans að taka þátt í sameiginlegum fjárfestingum með því að fjárfesta fjármuni sjóðsins í fjármálagerningum og öðrum eignum í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu, sem kveðið er á um í grein 5 í reglunum. Til að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna tilekinna skuldabréfa og annarra fjármálagerninga sem sjóðurinn gefur út er fjárfestingum sjóðsins hagað þannig að greiðsluflæði eigna og skulda sjóðsins sé jafnað. Í fjárfestingum sjóðsins skal þess gætt að fjárfesta eingöngu í skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði, kt. 661198-3629, í skuldabréfaflokknum HFF150644 (ISIN XS0195066658) og laust fé skal varðveitt á bankareikningum hjá fjármála-fyrirtækjum sem hafa lánshæfismat sem er a.m.k. með einkunnina A skv. Moody's Investors Service (Moody's Corporation) eða svipaða einkunn hjá öðrum mats-fyrirtækjum sem viðurkennd eru á alþjóðavettvangi. Engin önnur starfsemi fer fram á vegum sjóðsins. Nánari upplýsingar má finna í þýðingu á reglum sjóðsins í kafla 6.4.

KFF Fund er opinn í þeim skilningi að heimilt er að gefa út fleiri hlutdeildarskírteini en nú þegar hefur verið gert, sbr. grein 8.4 í reglum sjóðsins. Gefin voru út 1 millj. hlutdeildarskírteini og var gengi hvers skírteinis á stofndeggi 1,0 kr.

4.2. Upplýsingar um löggjöfina sem verðbréfin eru gefin út í samræmi við

Um skuldabréfin gildir m.a. tilskipun frá 9. febrúar 1798 um áritun afborgana á skuldabréf og jafnframt óskráðar reglur íslensks réttar um viðskiptabréf.

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

4.3. Taka skuldabréfanna til viðskipta

4.3.1. Tilgangur töku til viðskipta

Tilgangur töku skuldabréfanna til viðskipta er að veita fjárfestum upplýsingar um fjárhagsstöðu sjóðsins, jafnframt því að færa starfshætti og upplýsingagjöf KFF Fund undir reglur OMX Nordic Exchange Iceland hf. eins og þær eru á hverjum tíma. Meginmarkmiðið er að auka markaðshæfi skuldabréfa sem fjármagna að mestu leyti fjárfestingar KFF Fund.

4.3.2. Umsjón með töku til viðskipta

Lögfræðisvið Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík hefur umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta.

4.3.3. Taka til viðskipta

OMX Nordic Exchange Iceland hf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, samþykkir að taka neðangreindan flokk skuldabréfa til viðskipta enda uppfylli hann öll skilyrði þess. Seld hafa verið skuldabréf í flokknum að nafnvirði 2.300.000.000 kr. og hefur nú þegar verið fjárfest fyrir andvirði þeirra í skuldabréfum útgefnum af Íbúðalána-sjóði, kt. 661198-3629, í skuldabréfaflokknum HFF150644 (ISIN XS0195066658). Skuldabréf að upphæð 2.300.000.000 kr. að nafnvirði, verða tekin til viðskipta þann 27. desember 2007 enda uppfylli skuldabréfin skilyrði þess. Auðkenni flokksins er KFF44.

Samhliða töku skuldabréfaflokks KFF44 til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. verða skuldabréf í skuldabréfaflokkur KFF24, að upphæð 2.100.000.000 kr. að nafnvirði, tekin til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Ekki verður óskað eftir töku skuldabréfa KFF Fund til viðskipta í öðrum kauphöllum.

4.3.4. Kostnaður við töku til viðskipta

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., fyrir hönd KFF Fund, greiðir allan kostnað við töku skuldabréfanna til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf., 450.000 kr. Umsjónaraðili fær ekki greidda þóknun vegna þjónustu sinnar við töku skuldabréfanna til viðskipta. Ekki er um annan kostnað að ræða. Útgefandi ber því ekki kostnað við töku skuldabréfanna til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf.

4.4. Skilmálar skuldabréfanna

4.4.1. Nafnverð, lánstími og sala

Sótt er um töku til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. á skuldabréfum KFF Fund í neðangreindum flokki:

Auðkenni: KFF44

Fjöldi gjalddaga -- 40 --	Fjöldi gjalddaga á ári -- 2 --	Síðasti gjalddagi 20. júní 2044
Fyrsti vaxtadagur 20. júní 2024	Fyrsti gjalddagi vaxta 20. desember 2024	Vaxtagjalddagar 20. júní og 20. desember
Verðtrygging Vísitala neysluverðs	Grunnvísitala 266,20	Vextir á ársgrundvelli 3,75%
Nafnverð úgáfu í bókstöfum ** Tvöþúsund og þrjúhundruð milljónir 00/100 **		Upphæð í tölustöfum ISK 2.300.000.000,-

Nú þegar hafa öll skuldabréfin verið gefin út og seld. Sala og afhending þeirra fór fram gegn staðgreiðslu. Skuldabréfin voru boðin afmörkuðum hópi aðila.

Í 1. gr. og a-lið 6. gr. skuldabréfanna er ranglega kveðið á um að nafnverð hvers skuldabréfs sé 1 kr. Nafnverð hvers skuldabréfs KFF Fund í flokknum KFF44 er 115.000.000 kr., eins og skýrlega kemur fram í haus skuldabréfanna og töflu á fyrstu blaðsíðu skuldabréfanna. Skýrist þessi misritun í 1. gr. og a-lið 6. gr. í skuldabréfanna af því að þegar texti skuldabréfanna var útbúin var reynt að líkja eftir texta þeirra skuldabréfa sem sjóðurinn fjárfestir í (HFF150644; ISIN XS0195066658). Þau skuldabréf eru gefin út rafrænt þar sem hver nafnverðseining er 1 kr. Við útgáfu skuldabréfa KFF Fund í flokknum KFF44 láðist svo að breyta 1. gr. og a-lið 6. gr. skuldabréfanna.

Skuldabréfin eru í íslenskum krónum.

ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000016525.

Ekki er heimilt er að greiða skuldabréfin upp fyrir gjalddaga, sbr. b-liður 5. gr. skuldabréfanna, með þeirri undantekningu að útgefandi getur, eftir 20. júní 2024, greitt skuldabréfin upp samkvæmt eftirfarandi skilmálum:

- i. útgefandi skal afhenda hverjum eiganda hinna útgefnu skuldabréfa, skuldabréf HFF150644 (ISIN XS0195066658), útgefið af Íbúðalánasjóði.
- ii. útgefandi skal greiða 1 kr. skuldabréfs í flokknum HFF 150644 (ISIN XS0195066658) fyrir hverja 1 kr. hinna útgefnu skuldabréfa.

4.4.2. Vextir

Skuldabréfin skulu bera fasta vexti af eftirstöðvum höfuðstóls frá 20. júní 2024, sem er fyrsti vaxtadagur, og skulu þeir vera 3,75% á ársgrundvelli. Gjaldtagi vaxta er 20. júní og 20. desember ár hvert, í fyrsta skipti 20. desember 2024.

4.4.3. Verðtrygging

Samkvæmt 7. gr. skuldabréfanna eru skuldabréfin verðtryggð samkvæmt Vísitölu neysluverðs, reiknaða út af Hagstofu Íslands samkvæmt lögum nr. 12/1995 um vísitölu neysluverðs. Grunnvísitala skuldabréfanna er 266,2.

4.4.4. Hlunnindi

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

4.4.5. Greiðsluskilmálar

Skuldabréfin endurgreiðast með jafngreiðslufyrirkomulagi (annuitet payments) þar sem á hverjum gjalddaga fer fram afborgun vaxta, verðbóta og höfuðstóls en samtala þessara þátta er jöfn upphæð að teknu tilliti til breytinga sem leiða af vísitölu neysluverðs. Að öðru leyti vísast til kafla 4.4.1 um greiðsluskilmála skuldabréfanna.

4.4.6. Einingar skuldabréfanna

Hver eining skuldabréfa 115.000.000 kr. að nafnvirði og er fjöldi þegar útgefinna eininga því 20, með númerin frá 1 til 20.

4.4.7. Ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna

Útgefandi einn er ábyrgur fyrir greiðslu skuldabréfanna, sbr. d-liður 19. gr. skuldabréfanna.

Samkvæmt e-lið 19. gr. skuldabréfanna ber Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. ekki ábyrgð á greiðslu tjóns vegna útgáfu skuldabréfanna og er ekki ábyrgð innheimtu kostnaðar eða nokkurra greiðslna sem tengjast skuldabréfunum, hvorki í heild né hluta. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er hvorki útgefandi né ábyrgðarmaður skuldabréfanna.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. ábyrgist að eignir KFF Fund verða varðveittar í samræmi við reglur sjóðsins og þær nýttar til endurgreiðslu á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur gefið út og til greiðslu á rekstrarkostnaði sjóðsins.

Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér kafla 1 um áhættu sjóðsins, kafla 1.5. um ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna og reglur KFF Fund sem birtar eru í kafla 6.4.

4.4.8. Forgangs- og víkjandi skuldabréf

Skuldabréfin fela í sér beina, almenna og óskilyrta kröfu á hendur útgefanda sem munu á hverjum tíma vera jafn réthá innbyrðis og a.m.k. standa jafnfætis (*pari passu*) öllum öðrum ótryggðum skuldbindingum sjóðsins, hvort sem til slíkra skuldbindinga hefur verið stofnað við útgáfu skuldabréfanna eða til þeirra verður stofnað síðar, að undanskildum skuldbindingum sem stofnað er til með lagaboði í íslenskum lögum.

Með 1. mgr. 3. gr. skuldabréfanna gekkst útgefandi undir veðsetningarbann vegna framtíðartekna sinna og eigna („negative pledge“).

Samkvæmt grein 8.5 í reglum sjóðsins eru kröfur samkvæmt hlutdeildarskírteinum víkjandi gagnvart öðrum kröfum gegn sjóðnum.

Rekstrarfélaginu er óheimilt að veðsetja eignir sjóðsins, sbr. grein 11.2 í reglum sjóðsins.

4.4.9. Sölugengi

Útgáfudagur skuldabréfanna var 9. janúar 2007. Sölugengi skuldabréfanna var 0,548737908 og ávöxtunarkrafa 3,605%. Sama sölugengi og ávöxtunarkrafa var vegna skuldabréfa í flokknum KFF44 B, sem ekki er sótt um skráningu á.

Sölugengi skuldabréfa í flokknum KFF24, sem jafnframt hefur verið sótt um töku til viðskipta á, var á sama tíma 0,901304068 og ávöxtunarkrafa var 5,225%.

4.4.10. Viðskiptavakt og sölutrygging

Ekki er viðskiptavakt með skuldabréfin og voru þau ekki sölutryggð við útgáfu.

4.4.11. Heildarfjárhæð sem aflast með sölu skuldabréfanna

Með sölu skuldabréfa þann 10. janúar 2007 í flokknum KFF44 var aflað 1.262.097.188 kr. fyrir KFF Fund. Þann 10. janúar 2007 voru einnig gefin út og seld

skuldabréf í flokknum KFF24, sem aflaði 1.892.738.543 kr., og KFF44 B, sem aflaði 35.779.686 kr., fyrir KFF Fund. Samtals var aflað 3.190.615.417 kr. vegna sölu skuldabréfanna.

4.4.12. Tilgangur sölunnar

Tilgangur sölunnar var að afla fjár til starfsemi KFF Fund.

4.4.13. Fyrirkomulag sölu og sölutímabil

Skuldabréfin voru seld þann 10. janúar 2007 og seldust öll skuldabréf sjóðsins þann dag.

4.4.14. Greiðslustaður

Greiðslustaður skuldabréfanna er hjá Kaupþing banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sbr. 17. gr. skuldabréfanna.

Bréfunum skal framvísað til greiðslu á gjalddaga. Á gjalddaga ber KFF Fund að greiða kostnað af innheimtu af greiðslu samkvæmt gjaldskrá Kaupþings banka hf.

4.4.15. Fyrningarákvæði

Kröfur til greiðslu afborgana höfuðstóls skuldabréfanna fyrnast sé þeim ekki lýst innan 10 ára frá gjalddaga þeirra, sbr. 1. tölul. 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfurettinda. Kröfur til greiðslu vaxta af höfuðstól skuldabréfanna fyrnast sé þeim ekki lýst innan 4 ára frá gjalddaga þeirra, sbr. 2. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1095.

4.4.16. Viðtökudráttur og vanskil

Ef eitt neðangreindra atvika á sér stað getur handhafi sérhvers skuldabréfs gjaldfellt það án fyrirvara með skriflegri tilkynningu sem beint er til útgefanda, eða til greiðslustaðs skuldabréfsins (sem er Kaupþing banki hf., Borgartún 19, 105 Reykjavík) og án allra frekari aðgerða:

- a. Vanskil greiðslna: Ef útgefandi greiðir ekki afborgun af höfuðstól og/eða vexti af skuldabréfinu innan 31 daga frá gjalddaga; eða
- b. Brot gegn öðrum skyldum: Ef útgefandi brýtur gegn öðrum skyldum sínum í tengslum við skuldabréfið og slíkt brot er ekki lagað innan 30 daga frá því að skriflegri tilkynningu um það er beint til útgefanda; eða
- c. Önnur vanskil útgefanda: Ef aðrar skuldir útgefanda í íslenskum krónum sem þegar hefur verið stofnað til eða stofnað verður til síðar, að fjárhæð 2.000.000.000 kr. eða meira, eru gjaldfelldar vegna vanskila eða slíkar skuldir eru ekki greiddar á gjalddaga sem greiðslufrestur hefur verið veittur á, eða ábyrgð sem þegar hefur verið stofnað til eða stofnað verður til síðar, að fjárhæð 2.000.000.000 kr. eða meira, er ekki greidd þegar hennar er krafist eða innan greiðslufrests sem veittur hefur verið, eða ef gengið er á eignir sem eru til tryggingar slíkri ábyrgð eða skuld, eða ef útgefandi óskar eftir greiðslustöðvun.

Í a-lið 8. gr. skuldabréfanna kemur fram að ef ekki er greitt af bréfunum á réttum tíma, skal hin ógreidda fjárhæð bera dráttarvexti í samræmi við 5. og 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Dráttarvexti skal greiða til og með deginum sem greiðsla er móttækin af eða fyrir hönd viðkomandi handhafa skuldabréfs, reiknað mið-

að við þá daga sem liðnir eru frá gjalddaga sem hlutfall af 30-daga mánuði deilt með 360.

4.4.17. Framsal

Skuldabréfin eru gefin út í pappírsformi. Handhafi skuldabréfanna á hverjum tíma skal álitinn eigandi þeirra, sbr. 1. gr. skuldabréfanna.

Engar hömlur eru á framsali bréfanna.

Að öðru leyti fer um viðskipti með skuldabréfin eftir reglum OMX Nordic Exchange Iceland hf. og almennum reglum kröfuréttar.

4.4.18. Skattamál

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. skuldabréfanna skulu allar greiðslur afborgana og vaxta á grundvelli skuldabréfanna vera án frádráttar vegna skatta og opinberra gjalda sem lögð á eða innheimt af íslenska ríkinu eða stjórnvaldi á vegum þess nema slíkur frádráttur sé gerður samkvæmt lögum en í slíku tilviki skal útgefandi skuldabréfanna ekki greiða fjármuni aukalega m.t.t. fjármuna sem dregnir eru frá.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. skuldabréfanna skal útgefandi greiða öll stimpilgjöld, skráningargjöld og önnur opinber gjöld, hverju nafni sem nefnast, sem greiðslu er krafist á á Íslandi eða í tengslum við skuldabréfin.

Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer eftir skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

4.4.19. Meðferð ágreinings

Um skuldabréfin gilda íslensk lög skv. a-lið 16. gr. skuldabréfanna. Rísi mál út af skuldabréfunum skal reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. b-lið 16. gr. Samkvæmt c-lið 16. gr. má bera ágreiningsmál vegna skuldabréfanna undir dómstóla á grundvelli XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

4.4.20. Tilkynningar

Tilkynningar til eigenda skuldabréfa skulu taldar hafa verið birtar fyrir eigendum skuldabréfanna séu þær birtar í almennu og útbreiddu dagblaði á Íslandi (en litið er svo á að það sé Fréttablaðið og Morgunblaðið) eða, ef reglur OMX Nordic Exchange Iceland hf. leyfa, með sendingu viðkomandi tilkynningar til OMX Nordic Exchange Iceland hf. til birtingar í fréttakerfi.

5. Upplýsingar um KFF Institutional Investor Fund

5.1. Útgefandi

Útgefandi skuldabréfanna er KFF Institutional Investor Fund, kt. 460606-2330 (oft einnig kallaður „KFF Fund“ eða „KFF IIF“). Lögheimili sjóðsins og skrifstofa er að Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Skráningarstaður sjóðsins er Reykjavík, Ísland. Sími er 444-6000 og bréfsími er 444 7479.

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. annast rekstur sjóðsins og starfar félagið eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Með heimild í 4. gr. laga nr. 30/2003 stofnaði Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. KFF Fund.

Í greinum 1.1-1.6 og 5 í reglum sjóðsins er rekstrarformi sjóðsins lýst og fjárfestingarheimildar hans tilgreindar.

KFF Fund er rekinn í einni deild. Fjárfestingar sjóðsins eru fjármagnaðar með útgáfu hlutdeildarskírteina, lánasamninga og öðrum skuldaskjölum, sbr. grein 4.1 í reglum sjóðsins.

Sjóðurinn hentar reynslumeiri fjárfestum sem óska eftir að ná fyrirfram skilgreindum markmiðum fjárfestinga með þátttöku í skuldsettum fjárfestingum.

Sjóðurinn hefur gefið út hlutdeildarskírteini að nafnvirði 1.000.000 kr. Ekki stendur til að gefa út fleiri hlutdeildarskírteini í sjóðnum að svo stöddu en engu að síður er heimild til þess, samkvæmt grein 8.4 í reglum sjóðsins. Samkvæmt grein 8.3 eiga allir handhafar hlutdeildarskírteina sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eign sína í útgefnum einingum og eru hlutdeildarskírteini staðfesting á kröfu þeirra til tekna og eigna sjóðsins. Sjóðurinn hefur ekki stefnu um arðgreiðslur.

KFF Fund var stofnaður þann 9. janúar 2007 enda voru hlutdeildarskírteini sjóðsins gefin út þann dag, sbr. grein 3.1.2 í reglum sjóðsins.

Útgefandi er fagfjárfestingsjóður skv. 4. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 30/2003 lúta sjóðir skv. 4. gr. laganna ekki eftirliti samkvæmt lögnum. Að því marki sem við á þá gilda lög nr. 30/2003 um starfssemi sjóðsins og lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt grein 2.1 í reglum sjóðsins hefur sjóðurinn að markmiði að taka þátt í sameiginlegum fjárfestingum með því að fjárfesta fjármuni sjóðsins í fjármála-gerningum og öðrum eignum í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu, sem kveðið er á um í grein 5 í reglum sjóðsins. Nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnu er að finna í reglum sjóðsins í kafla 6.4.

Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum KFF Fund er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Rekstrarfélag, vörslufyrirtæki eða viðskiptabanki sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Kröfuhafar skuldabréfa eða hlutdeildarskírteina KFF Fund geta eingöngu beint kröfum sínum að KFF Fund og eignum sem tilheyra honum. Í bókhaldi rekstrarfélagsins er eignum KFF Fund haldið algjörlega

aðskildum frá öðrum eignum félagsins og eignum annarra sjóða í rekstri félagsins. Sjá nánar kafla 1.5. um ábyrgð á greiðslu skuldabréfa sjóðsins.

KFF Fund er einn af mörgum sjóðum sem Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. rekur samkvæmt heimild í lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Hver sjóður hefur aðgreindan fjárhag innan rekstrarfélagsins í samræmi við meðal annars 13. gr. laganna. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. er að fullu í eigu Kaupþings banka hf. og tengdra aðila. Rekstrarfélagið er því hluti af samstæðuuppgjöri Kaupþings banka hf. KFF Fund er, líkt og aðrir sjóðir á vegum rekstrarfélagsins, ekki hluti af samstæðuuppgjöri Kaupþings banka hf.

5.2. Fjárfestingarstefna og helstu eignir útgefanda

KFF Fund er sjóður sem hefur það markmið að taka þátt í sameiginlegum fjárfestingum með því að fjárfesta fjármuni sjóðsins í fjármálagerningum og öðrum eignum í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu og fjármagna kaupin með útgáfu hlutdeildarskírteina, skuldabréfa og gerð lánasamninga.

Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að ná fram ávöxtun á eigið fé með því að ná fram vaxtamun á milli eigna og útgefinna skuldaviðurkenninga að teknu tillit til rekstrarkostnaðar.

Fjárfestingarstefnan er tilgreind í grein 5 í reglum sjóðsins. Í grein 5.1 er tilgreint að sjóðurinn muni fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af Íbúðalánasjóði, kt. 661198-3629, í skuldabréfaflokknum HFF150644 (ISIN XS0195066658). Þann 11. janúar 2007 keypti sjóðurinn 3.090.337.299 kr. að nafnverði af skuldabréfum í tilgreindum flokk. Kaupverð var 3.190.615.417 kr. Var kaupverðið fjármagnað með sölu á skuldabréfum í flokkunum KFF24, KFF44, KFF44 B og hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Fjármögnunin skiptist þannig að vegna KFF44 fékk sjóðurinn 1.262.097.188 kr., vegna KFF24 fékk sjóðurinn 1.892.738.543 kr., vegna KFF44 B fékk sjóðurinn 35.779.686 kr. og vegna hlutdeildarskírteina fékk sjóðurinn 1.000.000 kr. Samanlagt fjármagnaði sjóðurinn því 3.191.615.417 kr. eða 1.000.000 kr. umfram kaupverð skuldabréfanna í HFF150644.

Samkvæmt grein 5.1.2 í reglum sjóðsins skal sjóðurinn varsla útistandandi reiðufé hjá fjármálafyrirtæki sem hefur a.m.k. einkunnina A hjá Moody's Investors' Service (Moody's) eða svipaða einkunn hjá öðrum matsfyrirtækjum sem viðurkennd eru á alþjóðavettvangi. Sjóðurinn má hins vegar fjárfesta í ígildi innlána, þ.á m. peningamarkaðsskjölum, s.s. í peningamarkaðssjóðum sem ávallt eru innleysanlegir og með meðallíftíma innan við 12 mánuði, eða fjárfesta í skammtíma innlánnum. Samkvæmt grein 5.2 má rekstrarfélags sjóðsins, en er þó ekki skylt, að setja saman nákvæmari fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn.

Í viðauka 1 við reglur sjóðsins („Markmið fjárfestinga og stefna“) kemur fram að sjóðurinn megi fjárfesta fyrir allt að 5.000 sinnum hreina eign sína með skuldsetningu fyrir tilstilli lánasamninga og annarra skuldagerninga.

Eignir stærstu mótaðila sem standa á bak við kröfur og eignir KFF Fund voru þann 12. desember 2007*:

Nafn mótaðila	Uppreiknað verð	Hlutfall af eignum
Skuldabréfaflokkur KFF44		Bls. 16 af 56

1.	Íbúðalánasjóður**	3.634.822.840 kr.	99,96%
2.	Kaupþing banki hf.***	1.514.497 kr.	0,04%
Samtals		3.636.337.337 kr.	100%

* Ofangreindar tölur eru ekki endurskoðaðar.

** Skuldabréf í skuldabréfaflokknum HFF150644 (ISIN XS0195066658).

*** Innlán, laust til útborgunar.

Eignir sjóðsins á útgefandann Íbúðalánasjóð er vegna skuldabréfaflokksins HFF 150644 sem er skráður skuldabréfaflokkur í OMX Nordic Exchange Iceland hf. Sjóðurinn hefur ekki fjárfest í afleiðum.

Rekstrarfélagi sjóðsins er heimilt að breyta reglum sjóðsins og þar með fjárfestingarstefnu sjóðsins, sbr. grein 14.2 í reglum sjóðsins.

Upplýsingar um mótaðila á eignum sjóðsins er að finna á eftirfarandi vefslóðum: www.ils.is fyrir Íbúðalánasjóð og www.kaupthing.is fyrir Kaupþing banka hf. Báðir þessir aðilar hafa gefið út skráð verðbréf og eru því upplýsingaskyldir til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Nánari upplýsingar:

- Íbúðalánasjóður, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Sími 569 6900 og símbref 569-6800. Verðbréf útgefin af Íbúðalánasjóði eru skráð hjá OMX Nordic Exchange Iceland hf.
- Kaupþing banki hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Sími 444 6000. Verðbréf útgefin af Kaupþingi banka hf. eru m.a. skráð hjá OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Vörsluaðili sjóðsins uppfærir mat á verðmætum eigna sjóðsins í skuldabréfum Íbúðalánasjóðs daglega og á það einnig við um innlán sjóðsins hjá Kaupþingi banka hf.

Fjárfestingar sjóðsins takmarkast við fjárfestingarstefnu hans. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. og vörsluaðili sjóðsins fylgjast með því að fjárfestingar sjóðsins séu í samræmi við fjárfestingarstefnu hans. Brot á fjárfestingartakmörkunum útgefanda eru ekki tilkynnt sérstaklega til fjárfesta.

5.3. Fjárhagsstaða og rekstrarafkoma

Fjárhagsstaða sjóðsins er góð ef tekið er tillit til getu sjóðsins til þess að mæta skuldbindingum sínum. Ekki hefur orðið neitt greiðslufall af eignum sjóðsins né af nokkrum öðrum skuldbindingum mótaðila sjóðsins.

Þar sem enginn eiginlegur rekstur er í sjóðnum sveiflast eignir hans fyrst og fremst í takt við þróun á skuldabréfaflokknum HFF150644 (ISIN XS0195066658). Frá 11. janúar 2007, þegar sjóðurinn keypti 3.090.337.299 kr. að nafnverði af skuldabréfum í framangreindum skuldabréfaflokki, hefur ávöxtunarkrafa hans hækkað úr um 4,2% í um 5,3% (m.v. 18. desember 2007). Verðlækkun samhliða framangreindri breytingu á markaðsvirði skuldabréfanna hefur ekki haft áhrif á getu sjóðsins til þess að standa við skuldbindingar sínar að því marki að greiðsluf læði útgefinna skuldbindinga í KFF24, KFF44 og KFF44 B er jafnað á móti greiðsluf læði skuldabréfa í eigu sjóðsins í skuldabréfaflokknum HFF150644.

Eins og áður hefur verið lögð áhersla á var greiðsluflæði útgefinna skuldabréfa, í flokkum KFF24, KFF44 og KFF44 B, hannað eftir greiðsluflæði eigan sjóðsins í HFF150644.

5.4. Mat á eignum sjóðsins

Samkvæmt grein 10 í reglum sjóðsins skal mat á eignum sjóðsins á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra og skal reiknað með eftirfarandi hætti:

- i. Virði skuldabréfa í eigu sjóðsins, þ.á m. HFF150644 (ISIN XS0195066658), skal samanstanda af eftirstöðvum höfuðstóls, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum.
- ii. Allir aðrir fjármálagerningar skulu metnir af rekstrarfélaginu undir eftirliti vörslufyrirtækis og ytri endurskoðendum rekstrarfélagsins.

Samkvæmt grein 3.1.5 í reglum sjóðsins er útreikningsdagur sjóðsins 20. desember og 20. júní ár hvert. Þá daga eru eignir sjóðsins metnar með ofangreindum hætti.

5.5. Þjónustusamningur

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. sér um rekstur sjóðsins skv. grein 1.3 í reglum sjóðsins. Samkvæmt greinum 7.1.-7.2 í reglum sjóðsins reiknast og greiðist kostnaður vegna reksturs sjóðsins með eftirfarandi hætti:

Föst þóknun: Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu fasta þóknun sem er á ársgrundvelli 2,614% af greiðslum til sjóðsins vegna skuldabréfa í eigu hans („þóknun rekstrarfélags“). Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélaginu þóknun þann 20. desember og 20. júní ár hvert („viðkomandi útreikningsdagur“). Þóknun rekstrarfélags skal vera reiknuð út fyrir hönd sjóðsins í íslenskum krónum á viðkomandi útreikningsdegi.

Ef breyta á upphaflegri prósentutölu þóknunar rekstrarfélags skal rekstrarfélagið, fyrir hönd sjóðsins, tilkynna það hverjum handhafa hlutdeildarskírteina í sjóðnum með 30 daga fyrirvara, sbr. grein 7.4 í reglum sjóðsins.

Rekstrarfélagið má ekki innheimta hjá sjóðnum tilfallandi gjöld, s.s. lögfræðikostnað, ferðakostnað o.s.frv. sem tengist sjóðnum, sbr. grein 7.5 í reglum sjóðsins.

Árleg vörsluþóknun vörslufyrirtækis sjóðsins greiðist af þóknun rekstrarfélagsins, sbr. grein 6.4 í reglum sjóðsins.

5.6. Fjármögnun og viðskipti

Sjóðurinn mun fjárfesta í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins, sbr. grein 5 í reglum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar með útgáfu hlutdeildarskírteina, lánasamningum og öðrum skuldaskjölum, sbr. grein 4.1 í reglum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjármagna fjárfestingar sínar með útgáfu og sölu skuldabréfa. Sjóðurinn hefur ekki nýtt sér heimild til að gefa út fleiri skuldabréfaflokka en þegar hefur verið gert, en slíkt er þó heimilt. Sjóðnum er jafnframt heimilt að stækka þegar útgefna skuldabréfaflokka. Þá er notkun sjóðsins á því fjármagni sem hann aflar bundið við þær heimildir sem sjóðurinn hefur skv. reglum hans.

KFF Fund hefur átt viðskipti við Kaupþing banka hf. með þeim hættu að sjóðurinn hefur lagt fé í innlán til Kaupþings banka hf. Þar hefur sjóðurinn búið við sömu kjör og aðrir markaðsaðilar. Hlutfall eigna sjóðsins þar sem Kaupþing banki hf. er mót-aðili má sjá í töflu í kafla 5.2.

5.7. Endurskoðandi

Endurskoðandi sjóðsins er KPMG hf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík og Reynir Stefán Gylfason, löggiltur endurskoðandi, fyrir hönd KPMG hf.

5.8. Viðskiptabanki KFF Fund

Viðskiptabanki Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. er Kaupþing banki hf. Mun viðskiptabanki rekstrarfélagsins greiða afborganir af skuldabréfum útgefnum af KFF Fund af bankareikningum sjóðsins, að því skilyrði uppfylltu að nægjanleg innstæða sé fyrir hendi á hverjum tíma fyrir sig. Kaupþing banki hf., Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. eða Arion verðbréfavarsla hf. ábyrgjast ekki greiðslur á skuldabréfum KFF Fund, sbr. kafla 1.5. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. hefur opnað eftirfarandi reikninga fyrir KFF Fund hjá Kaupþingi banka hf.:

1. *Söfnunarreikningur.* Allar greiðslur af skuldabréfum í eigu sjóðsins eru færðar inn á þennan reikning. Afborganir af útgefnum skuldabréfum KFF Fund eru skuldfærðar af *söfnunarreikningi*.
2. *Varasjóðsreikningur.* Fé sem lagt er til hliðar vegna hugsanlegra vanskila eða afskrifta á skuldabréfum í eigu KFF Fund skal fært í varasjóð og skal varðveitt á *varasjóðsreikningi*.

5.9. Rekstrarfélagið

5.9.1. Almennar upplýsingar

Rekstrarfélag Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, með skráða skrifstofu að Borgartúni 19, 105 Reykjavík, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélagið er hlutafélag og var stofnað þann 26. september 1996. Skráningarstaður rekstrarfélagsins er í Reykjavík, Ísland. Sími rekstrarfélagsins er 444 6000.

Félagið er að fullu í eigu Kaupþings banka hf. og tengdra aðila. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði skv. lögum nr. 30/2003.

Starfsleyfi félagsins tekur auk leyfis til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu. Félagið hefur á að skipa starfsfólki sem hefur sérhæft sig í stjórnun fjárfestingarsamvals sjóða um sameiginlega fjárfestingu og sérgreindra verðbréfasafna fagfjárfesta.

5.9.2. Hlutafé og samþykktir

Hlutafé Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. er að fjárhæð 43,5 millj. kr., sbr. 4. gr. samþykktu félagsins, og er allt útgefið og greitt. Hver hlutur er 1 kr. að nafnvirði. Að óbreyttum samþykktum er ekki heimilt að gefa út frekara hlutafé. Hlutafé hefur ekki verið hækkað eða lækkað á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til.

Samkvæmt 5. gr. samþykktta félagsins fylgja engin sérréttindi hlutum í félaginu og eru hluthafar ekki skyldir til að þola innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

Sá sem eignast hlutabréf í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum, sbr. 3. mgr. 6. gr. samþykktta félagsins. Þar segir jafnframt að menn öðlist þó eigi atkvæðisrétt fyrr en að liðnum 14 dögum frá því að nafn þeirra var skráð í hlutaskrána.

Samkvæmt 3. gr. samþykktta félagsins er tilgangur félagsins hvers konar daglegur rekstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. II. og III. kafla laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tilgangur félagsins er jafnframt eignastýring, fjárfestingarráðgjöf og varsla og stjórnun fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu skv. 7. tölul. 1. mgr. 4. gr., sbr. b-liður 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002. Einnig rekstur sem nauðsynlegur er fyrir tilgang félagsins.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. samþykktta félagsins fara hluthafar með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Aðalfund skal boða fyrir lok aprílmánaðar ár hvert samkvæmt 2. mgr. 7. gr. Þar segir jafnframt að til aðal- og aukafundar skal boða með bréfi til hluthafa með skemmst viku fyrirvara en lengst fjögurra vikna fyrirvara.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. samþykktta félagsins skipa þrjú menn stjórn félagsins og jafn margir til vara og skulu þeir kjörnir á aðalfundi félagsins ár hvert. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. fer stjórn með málefni félagsins nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum. Samkvæmt 12. gr. skal halda stjórnarfundum þegar einhver stjórnarmanna, endurskoðandi eða framkvæmdastjóri krefst þess. Fundir stjórnar eru lögmætir ef þrjú stjórnarmanna sækja fund og til gildir samþykktar fundarins þarf þrjú atkvæði.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, sbr. 1. mgr. 11. gr. samþykktta félagsins. Stjórnarmenn skulu búa yfir nægjanlegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt og mega þeir ekki hafa sýnt af sér hátt semi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. samþykktta félagsins annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur félagsins. Samkvæmt sömu málsgrein skal framkvæmdastjóri vera búsettur hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og má ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

5.9.3. Stjórn, framkvæmdastjóri og sjóðstjóri

KFF Fund er fagfjárfestastjóður og stundar því ekki eiginlega starfsemi. Sökum þessa er hvorki til staðar félagsstjórn né framkvæmdarstjóri. Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins samkvæmt því sem lög og reglur sjóðsins ákveða. Stjórn sjóðsins er því sú sama og stjórn rekstrarfélagsins. Hér að neðan eru upplýsingar um stjórnarmenn og framkvæmdastjóra rekstrarfélagsins. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins ásamt sjóðsstjóra útgefanda þiggja ekki laun eða önnur hlunnindi frá útgefanda.

Þórarinn Sveinsson. Stjórnarformaður síðan 8. apríl 2004. Þórarinn er framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Kaupþings banka hf.

Þórarinn er stjórnarformaður í Gen hf. og Hrossholti ehf. Þórarinn er einnig meðstjórnandi í THSV ehf. Á síðastliðnum 5 árum hefur Þórarinn verið meðstjórnandi í fjórum félögum: Libra ehf., Sumarhúsasmiðjan ehf., Hagar ehf., Fjárfestingastjóður Búnaðarbankans hf. og Hlutabréfasjóður Búnaðarbankans hf.

Dr. Birgir Örn Arnarson. Meðstjórnandi síðan 8. apríl 2004. Birgir er framkvæmdastjóri áhættustýringarsviðs Kaupþings banka hf.

Birgir er stjórnarmaður í 4 félögum: Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar, Kaupthing Advisory Company S.A., Alpha Management Company og GIR Fund Management Company. Síðastliðin fimm ár hefur Birgir verið meðstjórnandi í Hlutabréfasjóði Búnaðarbankans hf.

Sigurður Guðmundsson. Kjörinn í stjórn 10. desember 2007. Sigurður útskrifaðist með Cand. jur.-gráðu frá Háskóla Íslands árið 2006. Sigurður hóf störf í lögfræðiráðgjöf Kaupþings banka hf. árið 2006. Sigurður öðlaðist réttindi til að starfa sem héraðsdómslögmaður árið 2007.

Að öðru leyti en að ofan greinir á Sigurður ekki nú og hefur ekki átt á síðustu 5 árum aðild að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða verið sameigandi félags.

Ómar Kaldal Ágústsson. Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.

Ómar starfaði á eignastýringarsviði Landsbankans við rekstrar- og árangursstjórnun frá 2000-2005. Hann hefur starfað hjá Rekstrarfélagi Kaupþings banka hf. síðan 2005.

Ómar á ekki nú og hefur ekki átt síðustu 5 ár aðild að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða verið sameigandi félags.

